

**Nd.**

**832. Framhaldsnefndarálit**

**[290. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.

**Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.**

Áfram eykur núverandi ríkisstjórn skattaálgur. Með rangri skattvísitölu og breyttum skattbrepum er tekjuskattur aukinn. Þá bækkja eignarskattar þar sem hækkun skattfrelsismarka fylgir ekki hækkun fasteignamats. Loforð ríkisstjórnarinnar um lækkun skatta týndist í kerfinu. Fulltrúar launbegasamtakanna létu því vfir, að þeir teldu það ekki ómaksins vert að gera útreikninga þar að lútandi, en treystu sér hins vegar ekki til þess að láta fjárhags- og viðskiptanefnd í té skriflegar umsagnir. Það er því ljóst að forustu A.S.Í. og B.S.R.B. hefur orðið alvarlega á í messunni að játa félagsmálapakka ríkisstjórnarinnar án þess að gera sér grein fyrir skattalegum áhrifum hans.

### Skattheimtan 1971—1980.

Skattheimta ríkisins, sem hafði verið nokkuð svipað hlutfall af þjóðarframleiðslu áratuginn 1961—1970, eða 21—22%, að undanteknum árunum 1967—1968, hefur á áratugnum 1971—1980 aukist verulega. Strax 1971, þegar fyrri vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar tók við völdum, gætti þessara áhrifa og skatttekjur ríkisins það ár urðu 24.1% af þjóðarframleiðslunni. Skattheimtan fór síðan vaxandi á næstu árum og komst 1975 í 26.8%. Árið 1976 tókst að minnka þetta hlutfall í 26.2% og 1977 var skattheimtan komin niður í 25% af vergri þjóðarframleiðslu. Skattbvrðina sem hlutfall af tekjum greiðsluárs hafði enn fremur tekist að minnka úr 15.4%, sem hún var 1972, í 10.6% árið 1977. En Adam var ekki lengi í Paradís. Ný vinstri stjórn tók við völdum 1978 með heim afleiðingum sem öllum eru kunnar, ekki hvað sist skattborgurum og heimilunum í landinu sem hafa sannarlega fengið að finna fyrir því. Á síðari hluta árs 1978 eru skatttekjur ríkisins auknar á ný með afturvirkum skattlögum og urðu 26.3% af þjóðarframleiðslunni það ár og 1979 urðu þær 27.6%. Bráðabirgðatölur gefa til kynna að hlutfallið verði ekki lægra árið 1980, nema síður sé Skattbvrðin af tekjum greiðsluárs 1978 varð 11.6%, en 1979 13.3%. Skattbvrðin 1980 mun verða 13.7% af tekjum greiðsluárs eða næst því sem hún varð 1972.

### Vinstri skattarnir 1981.

Af þessu má vera líóst að skattheimta ríkisins hefur aukist til muna síðustu þrjú árin. Ekkert lát virðist þar á. Hefur núverandi ríkisstjórn ekki aðeins framlengt nær alla vinstri skattana, heldur bætt þar töluvert á og er enn að bæta á, sbr. væntanlega bensinhækkun.

Á árinu 1981 má ætla að aukin skattheimta frá 1978 nemi um 800 milli. nýkr. (80 millióðum ekr.) eða 15 þús. nýkr. (1.5 milli. ekr.) á hverja fjögurra manna fjölskyldu (vísitölufjölskylduna) í landinu. Líóst er og að skattbvrðin verður svinnuð 1981 og var 1979 og 1980, eða á milli 13 og 14% af tekjum greiðsluárs, sbr. fylgiskjal frá Þjóðhagsstofnun.

Líóst er að núverandi ríkisstjórn heldur óðfluga áfram á braut vinstri stefnu, evkur skattaálgömur, þenur út ríkisútskiöldin og evkur ríkisafskini, sem leiðir til þess að borgararnir eru meira og meira háðir ákvörðun stjórnvalda um hegðun sína. Samtímis er hrengt að atvinnurekstrinum.

Þrátt fyrir þessa ófyrirgæflega auknu skattheimtu dugar það skammt í evðshúð ríkisstjórnarinnar. Erlendar lántökur hafa aukist til muna, og er nú svo komið að þær nemi 35.2% af þjóðarframleiðslu og hafa aldrei verið þærri, ekki einu sinni árið 1975 þegar þjóðarframleiðslan minnkaði verulega og áhrif olubækkanna komu verst við okkur. Hér er óumflýjanlega um að ræða aukna skattheimtu sem ríkisstjórnin þar áhyrð á og skattborgararnir komast ekki hiá að greiða.

### Efni frumvarpsins.

Skinta má frumvarpinu í tvo meginþætti.

1) Með frumvarpinu er látið líta svo út að ríkisstjórnin standi við það fyrirheit sitt að lækka skatta á almennar launatekiur er svari til 15% kaunmáttaraukningar. Því miður er hér enn eitt síðarsnilið hiá ríkisstjórninni, eins og rakið er hér að framan. Þetta er m. a. auglíóst af því, að fyrirframgreiðslurnar eru óbreyttar svo að kaunskerðingin í mars kemur á skattborgarana með fullum hunga. Líóst er að skattbvrðin verður hin sama, ef hún há ekki hyngeist, og sá húnur skattborgaranna, er nióta skyldi skattalækkananna, mun ekki nióta þeirra að dómi forustumanna launhegasamtakanna.

2) Ásamt því að koma fram ýmsum lagfæringum og breytingum, sem reynslan hefur leitt í líós að gera þarf á skattalögnum frá 1978, er með frumvarpinu áformað að knýia fram efnishreytingar án þess að leitað sé samkomulags. Má þar nefna breyt-

ingu á fyrningarreglum laganna (17. gr. frv.), en þar er áformað að skerða fyrningar, ef hreinar tekjur af rekstri fyrirtækis ná ekki 5% af heildartekjum, og er áætlað að þrengja að frjálsum atvinnurekstri, sem nú á í vök að verjast. Þessar tillögur vinna gegn endurnýjun framleiðslutækja og draga þannig úr afköstum.

Þá er lagt til (í 22. gr. frv.), að 59. gr. svo og 2. málsg. 1. t. A-liðs 7. gr. falli niður, en hér er um að ræða viðkvæm ákvæði er snerta ákvörðun um reiknuð laun þeirra er stunda sjálfstæðan atvinnurekstur. Ástæðan fyrir þessu mun, skv. greinargerð frumvarpsins vera sú, að yfirstjórn skattamála hefur gefist upp við að ná fram skynsamlegri og tilætlaðri framkvæmd. Á því ber fjármálaráðherra og ríkisstjórnin fulla ábyrgð.

#### Sameiginlegar breytingartillögur.

Í nefndaráliti fjárhags- og viðskiptanefndar á þingskjali 818 er gerð grein fyrir störfum nefndarinnar svo og sameiginlegum breytingartillögum við frumvarpið. Kemur þar m. a. fram að nefndin fellst ekki á að gera þær efnisbreytingar sem að hefur verið vikið og varða fyrningar og reiknað endurgjald. Leggur nefndin til að 17. gr. frv. verði felld og almennar fyrningar verði óbreyttar skv. gildandi lögum. Hins vegar fellst nefndin á breytingar, er varða fyrningar vegna tekjufærslu skv. 53. gr., og leggur til aukningu frá frv., en við erum andvígir lækkun úr 50% í 40%, en um það fékkst ekki samkomulag.

Þá leggur nefndin til að 59. gr. verði ekki felld úr lögum, heldur efni greinarnnar og framkvæmd breytt að fenginni reynslu og tekið frekara tillit til aðstæðna skattþegna. Þetta er m. a. nauðsynlegt til þess að einstaklingar í atvinnurekstri sitji við sama borð og aðrir skattþegnar varðandi 10% frádráttinn. Framkvæmd þessarar greinar hefur með margvislegum hætti verið í mótsögn við þau áform sem vöktu fyrir þeim er að löfestingu hennar stóðu. Margir skattgreiðendur hafa ómaklega orðið fyrir barðinu á framkvæmd þessarar greinar.

Ýmsar þýðingarmiklar breytingartillögur flytur nefndin sameiginlega og visast til nefndarálitsins varðandi þær.

#### Breytingartillögur sjálfstæðismanna.

Stefna Sjálfstæðisflokksins í skattamálum er:

- 1) Að heildarskattaprósenta beinna skatta miðist við 50%.
- 2) Að tekjuskattar verði afnumdir í áföngum á almennum launatekjum.
- 3) Að tekjuskattar verði verulega lækkaðir á láglaunafólki og svigrúm aukið til þess að nýta persónuafslátt til greiðslu opinberra gjalda.
- 4) Að eignarskattar verði aldrei til þess að hrekja fólk úr eigin húsnæði.
- 5) Að skattlagning fyrirtækja sé með þeim hætti að það hamli ekki gegn æskilegri uppbyggingu og framþróun atvinnulífsins.

Í samræmi við stefnu okkar sjálfstæðismanna flytjum við breytingartillögur á sérstöku þingskjali er varða:

1. Breytingu á skattþrepum og skattstigum bæði einstaklinga og fyrirtækja.
2. Breytingu á eignarskattstiga og skattfrelismörkum.
3. Breytingar á skattlagningu hlutafjár og arðs af hlutafé.
4. Breytingar á skiptingu persónuafsláttar til greiðslu opinberra gjalda.
5. Breytingar á meðferð vaxta og verðtryggingu á námslánnum.

Ljóst er að ríkissjóður mun verða fyrir einhverju tekjutapi ef tillögur þessar ná fram að ganga. Teljum við eðlilegt, að því verði mætt með lækkun útgjalda, og erum reiðubúnir til samstarfs um tillögur þar að lútandi.

Alþingi, 14. maí 1981.

Matthías Á. Mathiesen,  
frsm.

Matthías Bjarnason.

Albert Guðmundsson.

## Fylgiskjal I.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN.

6. maí 1981.

### Minnisblað um breytingar á skattbyrði beinna skatta.

Hér fara á eftir áætlanir um skattbyrði beinna skatta 1979—1981, þ. e. álagningu tekju- og eignarskatts einstaklinga, sjúkratryggingagjalds, útsvars og fasteignaskatts einstaklinga í samanburði við heildartekjur (brúttótekjur til skatts).

	1981			
	1979	1980	M.v. áætlanir PHS um verðlag og tekjur	M.v. markmið um 40% verðbólgu yfir árið
Álagðir skattar, m.kr. ..	731	1.160	1.710	1.710
Heildartekjur, m.kr. ....	5.500	8.470	12.920	12.700
Álagðir skattar, %				
af tekjum greiðsluárs	13,3%	13,7%	13,2%	13,5%
af tekjum fyrra árs	20,2%	21,1%	20,2%	20,2%

Við þessar áætlanir um álagningu þarf að gera ýmsa fyrirvara og athugasemdir:

- 1) Álagningartölur um beina skatta einstaklinga á árinu 1979 og raunar fyrri ár verður að áætla, þar sem ríkisreikningur sýnir ekki skiptingu tekju- og eignarskatts á einstaklinga og félög.
- 2) Endanlegar álagningartölur ársins 1980 eru ókomnar, líkur benda til að álagningin reynist fremur lægri en hærri en þær tölur, sem hér eru tilgreindar.
- 3) Áætlun um álagningu 1981 er byggð á áætlun Reiknistofu Háskóla Íslands og fjármálaráðuneytis og miðað við framkomið frumvarp um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Grunnur þeirrar áætlunar er á hinn bóginn eldri áætlunartölur Þjóðhagsstofnunar um álagningu ársins 1980. Gera verður ráð fyrir, að breytingar grunnsins, þ. e. einkum á álagningu tekjuskatts einstaklinga 1980, hafi í för með sér hlutfallslega svipaðar breytingar á niðurstöðum um álagningu 1981. Þær tölur um álagningu ársins 1981, sem hér eru settar fram, eru þannig í meginatriðum miðaðar við niðurstöður Reiknistofu og fjármálaráðuneytis um breytingar á álagningu (hvað varðar tekjuskatt) milli ára. Endanleg niðurstaða álagningar 1980 ætti því ekki að hafa áhrif á áætlanir um breytingu skattbyrðar milli áranna 1980 og 1981.

Hvað varðar áætlanir um tekjur ársins 1981 er fyrra tilvikið í samræmi við áætlanir þær sem um er rætt í ritinu Úr þjóðarbúskapnum nr. 12, bls. 15—19. Síðara tilvikið er miðað við þá verðbótahækkun launa sem hlytist af 40% hækkun verðlags frá upphafi til loka árs, að óbreyttu vísitölukerfi. Í þeim verðlagsferli fælist um 50% meðalhækkun á árinu 1980.

## Fylgiskjal II.

### SAMANBURÐUR Á SKATTGREIÐSLUM.

#### Frumvarp ríkisstjórnarinnar — tillögur sjálfstæðismanna.

Hér á eftir fara þrjú dæmi um samanburð tekjuskatta og sjúkratryggingagjalds samkvæmt þeim skattstiga, sem ríkisstjórnin setur fram í frumvarpinu, og þeim skattstiga, sem sjálfstæðismenn leggja til. Tekin eru dæmi um

- hjón með 2 börn þar sem bæði vinna úti
- hjón með 2 börn þar sem maki er heimavinnandi og barnlausan einhleyping.

Í öllum tilvikum eru sýnd dæmi um 3 tekjuhópa: 50 000 kr. árstekjur árið 1980, 90 000 kr. og 130 000 kr. Þar sem maki vinnur úti eru dæmi um tekjur hans 30 000 kr., 50 000 kr. og 70 000 kr.

Þau dæmi, sem hér fara á eftir, sýna að sjálfstöðu ekki heildarmyndina, en gefa engu að síður góða vísbendingu um áhrif tillagna Sjálfstæðisflokksins í samanburði við frumvarp ríkisstjórnarinnar.

**Dæmi I. Samanburður á tekjuskattsgreiðslum og sjúkratryggingagjaldi hjóna þar sem bæði vinna úti.**

		Frv. ríkisstj.	Till. Sjálfst.fl.	Skatta- lækkun Skattgr.	
		kr.	kr.	kr.	
1. Tekjur eiginm.	50 000	÷2 512.00	÷5 014.50	2 502	99.6%
Tekjur eigink.	30 000				
2. Tekjur eiginm.	90 000	14 837.50	11 585.50	3 252	21.9%
Tekjur eigink.	50 000				
3. Tekjur eiginm.	130 000	38 435.00	31 385.00	7 050	18.3%

**Dæmi II. Samanburður á skattgreiðslum hjóna þar sem maki er heimavinnandi.**

1. Tekjur	50 000	.....	÷9 262.50	÷10 410	1 147.50	12.4%
2. Tekjur	90 000	.....	3 587.50	1 485	2 102.50	58.6%
3. Tekjur	130 000	.....	21 037.50	15 885	5 152.50	24.5%

**Dæmi III. Barnlaus einhleypingur.**

1. Tekjur	50 000	.....	2 896.25	1 597.50	1 298.75	44.8%
2. Tekjur	90 000	.....	16 490.00	14 390.00	2 100.00	12.7%
3. Tekjur	130 000	.....	33 940.00	28 790.00	5 150.00	15.2%